

1162. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 09.08 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. **Fundargerð 1161. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**
Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1161. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. **Samþykktir á milli funda – Kaup á orlofsíbúð að Ofanleiti 27, Reykjavík**
Stefán lagði fram skjalið „*Kaupsamningur*“ dags. 27.06 2017 sem var samningur vegna kaupa VR á orlofsíbúð að Ofanleiti 27 í Reykjavík. Þessi kaup voru samþykkt af stjórn VR á milli funda í kjölfar tölvupósts frá framkvæmdastjóra dags. 20.06 2017 og er búið að ganga frá kaupum á eigninni. Framkvæmdastjóra VR var veitt umboð til þess að ganga frá kaupunum.

Kom fram í máli Stefáns að íbúðin sem sé 90fm og kostaði 42,9 milljónir kr. henti okkur afar vel.

3. **Kjaramál – Tillögur frá stjórnarmönnum um áherslur í næstu kjarasamningum**

Ragnar Þór lét nú orðið ganga hringinn og bauð fundarmönnum að segja frá sínum tillögum um áherslur í næstu kjarasamningum. Einnig sagði hann að auðvitað gæti margoð breyst á næstu misserum og forsendur breyst enda margir stórir kjarasamningar að losna t.d. hjá BHM og kennurum.

Eftirfarandi voru þær hugmyndir að áherslum sem varpað var fram:

- a. Hugsum umfram bara krónur og prósentur og skoðum t.d. sveigjanlegan vinnutíma.
- b. Hægt verði að vinna sér inn orlofstíma í fæðingarorlofi svipað og er hjá opinberum félögum.
- c. Ná upp lægstu launum þannig að hægt sé að lifa af þeim t.d. 300 þús. kr. og jafnvel spurning hvort það dugi því t.d. leiga húsnæðis er mjög há.
- d. Endurskoða fæðingarorlof bæði tímalengd og upphæðir.
- e. Skoða almennt með vinnu á frídögum – skólabörn eru að óska eftir vinnu á frídögum en á móti eru ekki öll fyrirtæki með skólakrakka.

- f. Skoða styttingu vinnuvikunar – athuga þær tilraunir sem eru hafnar á nokkrum vinnustöðum.
- g. Áunnið orlof flytjast milli vinnuveitenda og fylgi þér. Jafnvel að 27 daga orlof fylgi ákveðnum lífaldri oph.
- h. Námskeið utan vinnutíma: Á námskeiðum sem starfsmanni er gert að sækja utan vinnutíma síns skal hann fá greidd samningsbundin tímalaun fyrir helming námskeiðsstunda, dag- eftir- eða yfirvinnukaup eftir því sem við á. Hér ætti hann að fá alveg greitt.
- i. Orlofsauki: alls staðar í kjarasamningum með áunnin réttindi eftir svo og svo mörg ár eða flutning á milli vinnustaða, þarf að endurskoða. Ávinnuslutíminn er of langur.
- j. Laun í veikinda- og slysatilfellum eftir eitt ár. Skoða tímann.
- k. Áunnin réttindi, þarf að skoða ásamt öllum áunnum réttindum í samningnum.
- l. Öll réttindi s.s. til orlofs og veikinda ættu að fylgja kennitölu viðkomandi launamanns, ekki fyrirtækinu.
- m. Bætur vegna varanlegar öruru – skoða skerðingar.
- n. Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna...Stjórn sjóðsins skal skipuð jafnmörgum fulltrúum frá samtökum vinnuveitanda og VR. Það er orðið tímabært að endurskoða með atvinnurekendur inni í stjórninni.
- o. Skoða þarf margar eldri bókanir í kjarasamningum sem ekkert hefur gerst með t.d. er varðar sveigjanleg starfslok, skipulag vinnutíma, skriflega staðfestingu ráðningar, veikindi og endurhæfingarmál, jafnréttisáherslur, upplýsingar og samráð, endurskoðun trúnaðarmannakafla kjarasamninga, læknisvottorð og tilkynningu til trúnaðarlæknis/þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar, Evrópskt samstarfsráð, óvinnufærni vegna veikinda, svört atvinnustarfsemi og hlutdeild kvenna í stjórnunarstörfum.
- p. Gera þarf tiltekt í kjarasamningum t.d. er varðar notkun orðanna launþegi og vinnuveitandi sem við viljum skipta út og nota frekar launamaður og atvinnurekandi.
- q. Skoða ábendingu Kristins Tómassonar yfirlæknis um að vinnuvernd þurfi að vera í kjarasamningi og t.d. krefjast þess að vinnuveitendur fari að lögum og geri sjálfræðilegt áhættumat – setja í kjarasamninginn.
- r. Fæðingarorlof fyrir ömmur og afa, svipað og er í Finnlandi.
- s. Bæta mánuði fyrir framan fæðingarorlof til viðbótar núverandi tímabili.
- t. Mikið verður að gerast með hækkun lægstu launa. Látum reikna út fyrir okkur hvað kostar að lifa á Íslandi – VR hafi frumkvæði að þessu samhliða kaupmáttarreiknivélinni okkar. Þá vitum við hvað við eigum að semja um.
- u. Lægstu laun verði skattfrjáls.
- v. Sérstök úrræði fyrir fólk á leigumarkaði.
- w. Eyða út töxtum unga fólksins í VR því þeir stríða gegn launajafnrétti.
- x. Þeir sem eru í vinnu á milli 67 – 70 ára fá auka lífeyrisréttindi en svo er ekkert greitt í lífeyrissjóð frá 71 árs og þá ætti frekar að koma kaupauki sem nemur lífeyrisréttinum eða það fari í séreign ef

viðkomandi heldur áfram að vinna eftir þann aldur. Eða þá bara að kerfinu verði breytt þannig að maður haldi áfram að greiða í lífeyrissjóð eftir 71 ára aldur ef maður er í vinnu.

- y. Áhersla á krónutöluhækkun fremur en prósentu.
- z. Minnka skattbyrði þeirra lægst launuðu og hækka persónuafslátt – setja þrýsting á ríkisvaldið að þeir skili góðu efnahagsástandi aftur til fólksins en það eru tekjutengingar alls staðar og skattar eru of háir – hvað erum við að fá fyrir háu skattana okkar?
- aa. Sveigjanleg starfslok bæði hve lengi og líka starfshlutfall.
- bb. Hægt verði að lifa af dagvinnu.
- cc. Stytta vinnuviku t.d. styttri föstudagar – Skoðum að færa frídaga að helgum – það mun auka framleiðni.
- dd. Vaktavinnukerfi inn í almenna kjarasamninga (ekki bara t.d. vegna gestamóttöku).
- ee. Stöðugleiki er meira áriðandi en krónutöluhækkun.
- ff. Skoða meira möguleika vinnustaðasamninga – það er meiri valddreifing fólgin í þeim – minni miðstýring.
- gg. Hafa húsnæðismálin inni – það er ekki nóg það sem við erum að gera með ASÍ í þeim málum.
- hh. Auka rétt varðandi veikindi barna.
- ii. Réttindi vegna veikra foreldra – það hentar eldri félagsmönnum.
- jj. Fá starfshlutfall og jafnvel starfsheiti inn í skilagreinar atvinnurekenda til að fá góðar upplýsingar um laun og hækkanir.

Eftir að þessar tillögur allar voru komnar fram hófust miklar umræður og voru fundarmenn að mestu á sama máli og töldu að góðar hugmyndir hefðu komið fram en auðvitað gætu forsendur breyst skyndilega þannig að ný atriði færu á oddin en tíminn muni leiða það í ljós.

4. Kerfi um samanburð á lífeyrissjóðum.

Ragnar Þór sagði að þetta hefði áður verið kynnt og rætt undir liðnum „Önnur mál“ á síðasta stjórnarfund. Kerfið Pensionpro.

Gaf hann þá næst orðið laust um málið.

Umræður.

Að loknum umræðum var það samþykkt að Ragnar Þór og Stefán myndu kanna árlegan kostnað við þetta kerfi og fá ítarlegri hugmyndir og upplýsingar um hvernig megi nýta það fyrir VR. Málinu er frestað til næsta fundar.

5. Framvirkir gjaldeyrissamningar hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Ragnar Þór lagði til að þær álitssgerðir og gögn sem nú hafa safnast um þetta mál verði gerð stjórn sjóðsins aðgengileg og að stjórn VR vísi þessu máli til stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna með þessum orðum:

“Stjórn samþykkir að vísa því til stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að kannað verði gaumgæfilega hvort tilefni sé til málshöfðunar vegna gjaldeyrisvarناسamninga sem sjóðurinn gerði árið 2008.”

Bar hann þessa tillögu upp til atkvæða.
Samþykkt.

6. LÍV þing.

Árni lagði fram skjalið „*Minnisblað*“ – Kosning þingfulltrúa VR á LÍV þing 13. – 14. október 2017 dags. 9. ágúst 2017 og fór yfir efni þess.

Um er að ræða ákvörðun stjórnar um það form sem viðhaft skal við kosningu þingfulltrúa VR á næsta LÍV þing en lög LÍV gera ráð fyrir að kosið sé á félagsfundi sem auglýstur sé með amk 3 daga fyrirvara. Heimild er fyrir því að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu bæði í lögum LÍV og VR en það form hefur ekki verið notað síðan árið 2014.

Lagt er til að áfram sé notast við það form að kjósa fulltrúa okkar á opnum félagsfundi eins og verið hefur síðustu 2 árin.
Samþykkt.

7. Styrkumsóknir

a. Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarmanna í Reykjavík

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Umsókn til VR – Endurnýjun tækjakosts til endurhæfingar hjá Reykjalundi*“ dags. 08.06 2017 sem er umsókn um styrk að upphæð 2,5 milljónir kr. vegna styrktarverkefnis Styrktar- og sjúkrasjóðs verzlunarmanna í Reykjavík.

Umræður.

Samþykktur styrkur að upphæð 2,5 milljónir króna.

b. Nordic UBI

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Umsókn til VR – Nordic UBI Conference (Unconditional Basic Income)*“ dags. 16.06 2017 sem er umsókn um styrk að upphæð 500 þús.kr. vegna kostnaðar við ráðstefnu þar sem m.a. er kynnt hvað felist í Borgaralaunum.

Umræður.

Samþykktur styrkur að upphæð 250 þús. kr.

Hér, kl. 20:25, fékk Ragnar Þór samþykki fundarins um að framlengja fundinn um 30 mín.

c. Specialisterne á Íslandi

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Umsókn til VR – Lýðheilsuverkefnið Specialisterne á Íslandi“ dags. 11.07 2017 sem er umsókn um styrk að upphæð 1.520.000 kr. vegna kostnaðar við lýðheilsuáttak sem Specialisterne hyggjast hefja frá og með 15. september nk. í samstarfi við Heilsuborg og Einhverfusamtökin.

Umræður.

Samþykktur styrkur að upphæð 760 þús. kr.

Fundi var slitið kl. 21:05
Árni Leósson, fundarritari